

**Ná.**

**37. Frumvarp**

til laga um kenslu i mótörvjelfræði.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Við vjelstjóraskólann i Reykjavík skal stofna sjerstaka deild, þar sem kend er mótörvjelfræði, munnleg og verkleg.

Stjórnarráðið ræður kennara eftir þörfum. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Til mótörvjelstjóraprófs útheimtis:

1. Í íslensku: Að geta gert ljettan stil um alment efni; skrifað sémilega og nokkurnveginn rjett.
3. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla i danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótörfræði: Þekking á hinum algengustu mótörum, sem notaðir eru i skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótörum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestafla þeirra og olíueyðslu.
4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst ljettar líkingar með einni óþektri stærð og prósentureikning.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkend efni, þrýstimælum, eðlisþyngd, hita og dreifing hans, útpenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vjelaáburði.

3. gr.

Prófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru i henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og tveir menn aðrir, er stjórnar-

ráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir prófinu standa þá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

#### 4. gr.

Sá einn má ganga undir mótórvjelstjórpróf, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eitt ár í þeim járnsmíðjum, er stjórnarráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótórvjelstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vjelstjóri á bát yfir 12 lestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.
2. Sýnir læknisvottorð um að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti áhrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sje sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vjelstjóraskólans, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni vjelstjóraskólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áður nefndra vottorða skulu beiðninni fylgja skirnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kent hafa honum eitt-hvað, er að vjelfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótórvjelstjórpróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir mótórvjelstjórpróf áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rjett til að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann fullnægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

#### 5. gr.

Ákvæði um það, hvernig kenslunni skuli háttað, um inntökuskilyrði, próf o. fl. setur stjórnarráðið í reglugerð.

#### 6. gr.

Þeim, sem prófi hafa náð, skal veitt skirteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu, sem unt er að ná. Allir þrír prófnefndarmennirnir skulu undirrita prófskirteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

#### 7. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr gildi numin.

### Greinargerð.

Það hefir leikið orð á því, að kunnáttu í meðferð og hirðingu mótorvjela hafi verið mjög ábótavant frá því fyrst var farið að nota þær hjer á landi, og svo mun enn vera, þótt nokkur breyting hafi orðið á þessu hin síðustu árin. En þrátt fyrir það þótt námsskeið fiskifjelagsins, til fræðslu í þessari grein, hafi haft góðan árangur, þá er langt frá því, að þau hafi verið fullnægjandi, sem eðlilegt er vegna margvislegra erfiðleika, svo sem vöntunar húsnæðis og ýmsra nauðsynlegra áhalda, enda hafa þau nú lagst niður, vegna þess að enginn hæfur maður er fáanlegur til að halda kenslunni áfram með því fyrirkomulagi, sem verið hefir.

Þar sem það er vitanlegt, að árangurinn af útgerð mótorskipa er að miklu leyti undir því kominn, að vjelarnar sjeu í góðu lagi, og að lífi fjölda manna er hætta búin, ef svo er eigi, þá ætti öllum að vera augljóst, að nauðsyn ber til, að þegar sjeu gerðar ráðstafanir til að menn eigi kost á að afla sjer nauðsynlegrar fræðslu í þessari grein.

Þess vegna er frumvarp þetta fram komið.